



Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu að þingsályktun um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma (355. mál)

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar tillögu að þingsályktun um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma (355. mál) og hefur skrifstofa borgarstjórnar falið fjármálaskrifstofu að gera umsögn um tillöguna.

Markmið tillögunnar er að stuðla að því að aflað verði haldbærra gagna um forsendur þjóðhagsáætlana til langs tíma fyrir íslenskt samfélag, unnið að gerð slíkra áætlana og þeim beitt við stefnumótun í samfélagsmálum. Tillagan er vel útfærð og vel rökstudd í greinargerð.

Það er mat Reykjavíkurborgar að mikilvægt sé fyrir hagstjórnina í landinu og fjármálastjórn hins opinbera að gera þjóðhagsáætlanir til langs tíma. Í þessari vinnu þarf að horfa til mögulegra breytinga í ytri skilyrðum þjóðarbúsins, bæði hvað varðar markaði og efnahagsþróun í heiminum og einnig hvað varðar auðlindir þjóðarinnar og nýtingu þeirra, með því að stilla upp sviðsmyndum og greina áhættur og möguleg viðbrögð. Engin ástæða er til að ætla að efnahagsshrúnið á Íslandi 2008 sé einstæður atburður heldur miklu líkleggra að efnahagskreppur verði endurtekið viðfangsefni stjórnvalda, fyrirtækja og almennings um langan tíma. Langtímaáætlanagerð og sviðsmyndavinna getur hjálpað landsmönnum að sneiða hjá mistökum í hagstjórn og finna hagkvæmustu leiðir við erfiðar aðstæður.

Reykjavíkurborg hefur sérstakan metnað um að gera raunhæfar áætlanir til fimm og tíu ára. Grundvallarhlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja með fjárhagsáætlunum grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Þar sem Reykjavíkurborg er stærsta efnahagseiningin í hagkerfinu skiptir máli fyrir hagkerfið að fjármálastjórn borgarinnar einkennist á hverjum tíma af framsækni og ábyrgri ráðstöfun fjármuna. Það er mat Reykjavíkurborgar að þjóðhagsáætlanir eigi að fela í landshlutaspar m.a. um hagvöxt og atvinnuþróun en það getur haft mikla þýðingu fyrir áætlanagerð sveitarstjórna í landinu.

Með þessum rökum er mælt með samþykki á þingsályktunartillögunni.

F.h. Reykjavíkurborgar

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri